

## Skráningarheimildir

Til að fá skráningarheimild í Gegni þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Að vera bókasafns- og upplýsingafræðingur.
- Að hafa sótt námskeið í skráningu í Gegni hjá Landskerfi bókasafna. Til þess að geta sótt slíkt námskeið þarf viðkomandi að geta sýnt fram á að hann/hún kunni skil á skráningarhugtökum og MARC-sniði.

Ritstjóri Gegnis hefur eftirlit með nýjum skrásetjurum. Standist þeir ekki kröfur áskilur skráningarráð sér rétt til að afturkalla skráningarheimildir. Reglur um skráningarheimildir verða endurskoðaðar reglulega.

Samþykkt á fundi skráningarráðs 4. mars 2004